

Drög að starfs- og aðgerðaráætlun

Fjölskyldu- og húsdýragarðsins

2026-2030



Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn er einstakur vettvangur í Reykjavík þar sem börn og fullorðnir njóta **samveru, fræðslu og upplifunar** í tengingu við **dýr og náttúru**. Áætlunin setur skýra framtíðarsýn og sameiginlegan ramma fyrir ákvarðanir, verkefni og þróun garðsins. Hún styður við **sjálfbæran** rekstur, **dýravelferð, náttúruvernd og samfélagsleg gildi** með áherslu á fræðslu og upplifun gesta.

Framtíðarsýn

Garðurinn hefur að markmiði að vera leiðandi fræðslu- og afþreyingarstaður í borginni. Hann á að vera aðgengilegur öllum, öruggur og fjölskylduvænn samverustaður þar sem upplifun gesta einkennist af lærdómi, leik og skemmtun. Þróun í átt að sjálfbærni og bættum lífsgæðum á að nýtast jafnt gestum og dýrum garðsins.



AÐGENGI

Að leita eftir því að gera garðinn opinn og aðlaðandi fyrir alla gesti, óháð aldri, getu eða bakgrunni, með áherslu á inngildingu og jafnan aðgang að upplifuninni. Að hanna dagskrá, viðburði og fræðslu þannig að fólk með ólíkar þarfir og getu geti tekið þátt og að leita reglulega eftir endurgjöf gesta um aðgengi og vinna markvisst að úrbótum.

GLEÐI

Leggja áherslu á að skapa jákvæða, skemmtilega og eftirminnilega upplifun fyrir börn og fullorðna í samveru við dýrin og hvort annað. Að skapa umhverfi þar sem fjölskyldur geta notið samveru, slökunar og skemmtunar og bjóða upp á fjölbreytta afþreyingu og leiksvæði sem kveikja gleði, hlátur og hreyfingu hjá börnum og fullorðnum.

VELFERÐ DÝRA

Að sýna dýrunum virðingu í allri nálgun og vernda þau gegn streitu, álagi og óviðeigandi áreiti frá umhverfi og gestum. Að skapa dýrunum aðstæður sem endurspeglar eins og kostur er þeirra náttúrulega búsvæði og styðja við eðlilega hegðun. Að byggja á sérfræðipækkingu í fóðrun, læknisþjónustu og daglegri umhirðu til að tryggja bestu mögulegu lífsgæði dýranna.

FRÆÐSLA

Að efla skilning og virðingu gesta fyrir dýrum með fræðslu um velferð þeirra. Að miðla þekkingu til gesta um mikilvægi dýravelferðar og hvetja til ábyrgra samskipta við dýr, bæði í garðinum og utan hans.

SJÁLFBÆRNI

Að nýta orku, vatn og önnur aðföng með ábyrgum og hagkvæmum hætti til að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar. Að innleiða vistvænar lausnir í daglegum rekstri, svo sem flokkun úrgangs, endurvinnslu og notkun umhverfisvænna efna.



1 Áhersla

Spennandi notalegur og umfaðmandi staður með aðgengi og aðstöðu fyrir öll

2 Áhersla

Lærdómur í lifandi umhverfi

3 Áhersla

Dýravelferð og uppbygging aðstöðu dýra

4 Áhersla

Markaðssetning og aukin tækifæri

5 Áhersla

Nýsköpun og þróun húsnæðis, leiksvæða, tækja og búnaðar.




ÁHERSLA 1

Spennandi, notalegur og umfaðmandi staður með aðgengi og aðstöðu fyrir öll

Markmið:

Efla þátttöku gesta í fræðandi leik og starfi ásamt því að próa fjölbreytta dagskrá og viðburði fyrir alla aldurshópa. Tryggja aðgengi og aðstöðu þannig að gestir geti farið um garðinn með öruggum hætti allan ársins hring.



Aðgerð 1.1

Útbúa og lagfæra veitinga- og nestisaðstöðu víða um garðinn sem nýtist ólíkum þörfum gesta

Verkefni sem fylgja aðgerð 1.1	Tímarammi	Byrjað	Lokið
Endurhönnun glerskálans og kaffihúss með tilliti til hljóðvistar, hlýlegra umhverfis og þjónustu.	Ábyrgð: Deildarstjóri þjónustu og reksturs. Kostnaður: MÍR / eignasjóður fjárfestingaráætlun Tímarammi: vor 2026 til vor 2027	√	
Hönnun útisvæðis sunnan við glerskálann með tenginu við „Þjófadali“ þannig að úr verði aðstaða fyrir gesti til að njóta veitinga, leiksvæði	Ábyrgð: Deildarstjóri Fjölskyldugarðs.		

fyrir lítil börn, áhorfendasvæði fyrir smærri viðburði og fræðslu.	Kostnaður: MÍR / eignasjóður fjárfestingaráætlun Tímarammi: 2026 til 2028 Tímarammi Hönnun vor/ sumar 2026		
Endurhanna útigrillsvæði og bæta við yfirbyggðum skýlum í Fjölskyldugarðinum.	Ábyrgð: Deildarstjóri Fjölskyldugarðs. Kostnaður: MÍR / eignasjóður fjárfestingaráætlun Tímarammi: Hönnun haust 2026 og framkvæmdum lokið vorið 2028		

Aðgerð 1.2

Þróa viðburði og dagskrá fyrir alla aldurshópa sem hvetja til samverustunda allan ársins hring,

Verkefni sem fylgja aðgerð 1.2	Tímarammi	Byrjað	Lokið
Koma á Hrekkjavíkuhátíð í október og höfða til ungmenna og unglinga.	Ábyrgð: Deildarstjóri Fjölskyldugarðs. Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi: haust 2026	√	
Finna styrktaraðila fyrir Jóladalinn	Ábyrgð: Deildarstjóri þjónustu og reksturs útilífsborgar. Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi: haust 2026		
Festa í sessi sumartónleika í garðinum innan sem og utan opnunartíma og leita eftir styrktaraðilum til samstarfs.	Ábyrgð: Deildarstjóri Fjölskyldugarðs. Kostnaður: Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn. Tímarammi sumar 2026 til sumar 2027		

Aðgerð 1.3

Auka möguleika á að setja upp smiðjur og aðra fræðandi og skapandi iðju.

Verkefni sem fylgja aðgerð 1.3	Tímarammi	Byrjað	Lokið
Þróa svæði þar sem gestum býðst að skapa og leika sér með náttúrulegan efnivið.	Ábyrgð: Deildarstjóri Fjölskyldugarðs og fræðsluteymi FHG. Kostnaður: MÍR / FHG		

	Tímarammi sumar 2026 til 2027		
Finna og eða hanna tæki og þrautir í anda Vísindaveraldarinnar þar sem gestir geta dundað sér við einfaldar tilraunir og uppgötvað náttúrulögmálin á eigin forsendum.	Ábyrgð: Fræðsluteymi FHG. Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi: 2026 til 2027		

Aðgerð 1.4

Aðgengi og **aðstaða** í garðinum verði örugg og með þeim hætti að henti fyrir öll.

Verkefni sem fylgja aðgerð 1.4	Tímarammi	Byrjað	Lokið
Salernisaðstaða í Fjölskyldgarðinum verði endurgerð svo að hún uppfylli nútíma kröfur um aðgengi.	Ábyrgð: Deildarstjóri þjónustu- og reksturs Útilífsborgar. Kostnaður: MÍR / eignasjóður fjárfestingaráætlun Tímarammi 2026 til 2027		
Samræma og skýra merkingar og leiðbeiningar innan garðs. Kortleggja hvar staðsetja á vegpresta, upplýsinga- og leiðbeiningaskilti.	Ábyrgð: Deildarstjóri þjónustu og reksturs útilífsborgar. Kostnaður: MÍR / eignasjóður fjárfestingaráætlun Tímarammi kortlagning of samræming vor 2026 og uppsetningu lokið fyrir sumar 2028	√	
Skoða möguleika á bættu hjólastólaaðgengi að leiktækjum og leiksvæðum.	Ábyrgð: Verkstæði FHG Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi haust 2026 til vor 2027		

Aðgerð 1.5

Tryggja öryggi gesta á ferðalagi þeirra um garðinn.

Verkefni sem fylgja aðgerð 1.5	Tímarammi	Byrjað	Lokið
Laga malbik og hellulagnir þar sem hætta er fyrir hendi.	Ábyrgð: Verkstæði FHG Kostnaður: MÍR / viðhald fasteigna USK Tímarammi: 2026 til 2030		
Þróa vetrarþjónustu og stytta viðbragðstíma þegar aðstæður verða hættulegar vegna veðurs.	Ábyrgð: Verkstæði FHG Kostnaður: MÍR / FHG		

	Tímarammi: vetur 2026 til vetur 2028		
Að skipta út plasthellum á barnaleiksvæði vegna slyshættu sem stafar af veðrabreytingum.	Ábyrgð: Verkstæði FHG Kostnaður: MÍR / viðhald fasteigna FHG Tímarammi: 2026 til 2030		

ÁHERSLA 2

Lærdómur í lifandi umhverfi

Markmið:

Vera leiðandi fræðslustaður í Reykjavík og skapa vettvang þar sem má finna fjölbreytt fræðsluefni allan ársins hring fyrir bæði skóla og gesti á öllum aldri. Vera til fyrirmyndar er varðar dýravelferð og tengja gesti við mikilvægi dýranna í vistkerfum og hvernig við getum stuðlað að heilbrigði þeirra. Leggja áherslu á sjálfbærni, virðingu og ábyrgð þegar kemur að samskiptum manns og náttúru. Vera fræðandi í leik og veita gestum ánægju við að læra um dýrin og umhverfi



Aðgerð 2.1

Gestir hafi aðgang að fjölbreyttri fræðslu tengdri dýrum og dýrahaldi.

Verkefni sem fylgja aðgerð 2.1	Tímarammi	Byrjað	Lokið
Útbúa ný- og endurnýja fræðsluskilti sem finna má um dýrin í garðinum.	Ábyrgð: Fræðsludeild Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi 2026 til 2030	√	
Þróa og efla stafræna fræðslu og nýta möguleika bæði varðandi dýr og leiktæki.	Ábyrgð: Fræðsludeild Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi: 2026 til 2030		
Hanna snertiveggi og fræðandi þrautir sem tengjast dýrum og vísindum.	Ábyrgð: Fræðsludeild Kostnaður: MÍR / FHG		

	Tímarammi: 2026 til 2030		
Setja upp reglulegar sýningar og vinnustofur í nýja fræðslurýmið.	Ábyrgð: Fræðsludeild Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi: 2026 til 2030		
Fjölga þematengdum ratleikjum með áherslu árstíðir og einstakar hátíðir bæði ápreifanlega og stafrænt.	Ábyrgð: Fræðsludeild Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi: 2026 til 2030	√	
Fjölga námskeiðum sem almenningur getur sótt.	Ábyrgð: Fræðsludeild Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi: 2026 til 2027		
Endurskoða heimasíðu til að einfalda gestum að nálgast upplýsingar á fleiri tungumálum.	Ábyrgð: Markaðs- og kynningarstjóri? Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi: 2026 til 2029		
Þjóða upp á að bóka fræðslu á netinu í gegnum heimasíðu og app.	Ábyrgð: Fræðsludeild Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi: 2026 til 2027		

Aðgerð 2.2

Endurskipulagning fræðslu fyrir skólahópa

Verkefni sem fylgja aðgerð 2.2	Tímarammi	Byrjað	Lokið
Endurskoða fræðslu sem þegar er í boði fyrir leik- og grunnskólahópa þannig að börn komist meira návígi við dýr.	Ábyrgð: Fræðsludeild Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi: sumar 2026 til haust 2027		
Bæta við fræðslumöguleikum fyrir skólahópa með hliðsjón af nýju fræðsluhúsnæði.	Ábyrgð: Fræðsludeild Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi: haust 2026 til haust 2030		
Skipuleggja námskeið sem henta mennta- og háskólastigi. Eiga samtalið við viðeigandi stofnanir um tækifæri.	Ábyrgð: Fræðsludeild Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi: haust 2027 til haust 2030		

Aðgerð 2.3

Þróa sumarnámskeið í Fjölskyldu- og húsdýragarði

Verkefni sem fylgja aðgerð 2.3	Tímarammi	Byrjað	Lokið
Endurskoða og þróa innihald núverandi sumarnámskeiða fyrir 10-12 ára börn.	Ábyrgð: Fræðsludeild Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi vor 2026 til vor 2027	√	
Bæta við nýjum sumarnámskeiðum með hliðsjón af nýtingu fræðsluhúss.	Ábyrgð: Fræðsludeild Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi vor 2026 til vor 2027		

ÁHERSLA 3

Dýravelferð og uppbygging aðstöðu dýra

Markmið:

Vera til fyrirmyndar er varðar dýravelferð og tengja gesti við mikilvægi dýranna í vistkerfum og hvernig við getum stuðlað að heilbrigði þeirra. Leggja áherslu á sjálfbærni, virðingu og ábyrgð þegar kemur að samskiptum manns og náttúru.

Aðgerð 3.4

Vera til fyrirmyndar varðandi dýravelferð og verndun líffræðilegrar fjölbreytni

Verkefni sem fylgja aðgerð 3.4	Tímarammi	Byrjað	Lokið
Veita og bæta upplýsingaflæði tengt dýravelferð og aðbúnaði.	Ábyrgð: Deildarstjóri Húsdýragarðs og dýraþjónustu Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi: 2026 til 2027		
Ljúka við að uppfylla kröfur MAST um aðbúnað dýra það er að endurnýja girðingar og breyta fjósi	Ábyrgð: Deildarstjóri Húsdýragarðs og dýraþjónustu Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi: 2026 til 2027	√	
Auka umhverfisauðgun fyrir dýrin og festa það sem dagskrárlið. Koma á verklagi sem leiðir til þess að allir starfsmenn dýradeildar fái viðunandi fræðslu um framkvæmd.	Ábyrgð: Fræðsludeild FHG Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi: 2026 til 2027	√	
Leggja ríka áherslu á jákvæða þjálfun til þess að hægt sé að framkvæma heilsufarsskoðanir án mikils inngríps.	Ábyrgð: Deildarstjóri Húsdýragarðs og dýraþjónustu Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi: 2026 til 2027		

Taka ríkan þátt eða styrkja verkefni sem stuðla að verndun og kynningu á villtum dýrum og vistkerfum þeirra sem og íslenskum húsdýrum og sérstöðu þeirra.	Ábyrgð: Deildarstjóri Húsdýragarðs og dýraþjónustu Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi: 2026 til 2030		
Fjölga útibúrum þar sem hægt er að hýsa villt dýr í neyð sem koma í endurhæfingu.	Ábyrgð: Deildarstjóri Húsdýragarðs og dýraþjónustu Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi: 2026 til 2028		

Aðgerð 3.5

Að Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn og Miðstöð útivistar og útináms fari í samstarf um útfærslu á útinámstengdum verkefnum innan garðsins

Verkefni sem fylgja aðgerð 3.5	Tímarammi	Byrjar	Loka
Að hluti af fræðslu MÚÚ fari fram í garðinum.	Ábyrgð: Deildarstjóri MÚÚ Kostnaður: MÍR / MÚÚ Tímarammi: 2026 til 2029	√	
Að garðurinn verði einn af útinámsstöðum fyrir Skóla- og frístundasvið yfir skólaárið.	Ábyrgð: Deildarstjóri MÚÚ Kostnaður: MÍR / MÚÚ Tímarammi: 2026 til 2029		
Að aðgengi að fræðslu, bókanir og upplýsingar séu samræmdar hjá FHG og MÚÚ gagnvart SFS.	Ábyrgð: Deildarstjóri MÚÚ Kostnaður: MÍR / MÚÚ Tímarammi: 2026 til 2029	√	

ÁHERSLA 4

Markaðssetning og aukin tækifæri



Aðgerð 4.1

Ná til nýrra markhópa með markvissri markaðssetningu.

Verkefni sem fylgja aðgerð 4.1	Tímarammi	Byrjað	Lokið
Markaðssetja garðinn fyrir erlenda ferðamenn og gesti sem sækja ráðstefnur í Reykjavík.	Ábyrgð: Deildarstjóri þjónustu og reksturs. Kostnaður: MÍR /FHG Tímarammi 2026 til 2027		
Setja upp markvissa notkun samfélagsmiðla með skýrum tímaramma og reglubundnu efnisflæði til að sýna lifandi og aðgengilegan garð.	Ábyrgð: Deildarstjóri þjónustu og reksturs. Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi 2026 til 2027		

Aðgerð 4.2

Efla samband við gesti garðsins og greina tækifæri til að koma betur til móts við óskir þeirra

Verkefni sem fylgja aðgerð 4.2	Tímarammi	Byrjað	Lokið
Gjaldskrá Fjölskyldu- og húsdýragarðsins komi betur til móts við fastagesti og fjölskyldufólk.	Ábyrgð: Skrifstofustjóri Útílífsborgar og deildarstjóri þjónustu og reksturs. Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi: 2026 til 2027		
Framkvæma a.m.k. eina þjónustukönnun meðal gesta á ári, vinna úr niðurstöðum með það markmið að nýta gagnlegar ábendingar.	Ábyrgð: Deildarstjóri þjónustu og reksturs. Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi 2026 til 2027		

Aðgerð 4.3

Greina og þróa ný sóknarfæri til að auka sýnileika og tekjur.

Verkefni sem fylgja aðgerð 4.3	Tímarammi	Byrjað	Lokið
Auka samstarf við einkaaðila og stofnanir tengt einstaka verkefnum eða afþreyingu innan garðs.	Ábyrgð: Deildarstjóri þjónustu og reksturs. Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi 2026 til 2027		
Hefja framleiðslu og sölu á sérmerktum minjagripum.	Ábyrgð: Deildarstjóri þjónustu og reksturs. Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi 2026 til 2027		
Finna samstarfs- og styrktaraðila til að setja upp þemasýningar víðs vegar um garðinn.	Ábyrgð: Deildarstjóri þjónustu og reksturs. Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi 2026 til 2027		
Setja saman þjónustupakka sem henta ólíkum hópum varðandi útleigu á garðinum eftir lokun.	Ábyrgð: Deildarstjóri þjónustu og reksturs. Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi: 2026 til 2027		
Þjóða upp á bókanir fyrir afmæli, útskriftir, brúðkaup og sambærilega viðburði.	Ábyrgð: Deildarstjóri Fjölskyldugarðs. Kostnaður: MÍR / FHG		

Tímarammi: 2026 til 2027

Aðgerð 4.5

Bæta stafræn þjónusta í garðinum með upplifun gesta að leiðarljósi og hagkvæmni í rekstri.

Verkefni sem fylgja aðgerð 4.5	Tímarammi	Byrjað	Lokið
Einfaldari greiðslumáti fyrir gesti í gegnum rafræna þjónustu og innkaup. Gestir fara beint í gegnum hlið með lesara og þurfa ekki að fara inn í gegnum miðasölu.	Ábyrgð: Deildarstjóri þjónustu- og reksturs. Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi: 2026 til 2027	√	
Að fá upplýsingar um þjónustu í garðinum rafrænt <i>Að gestir hafi aðgang að upplýsingum um garðinn í gegnum App. Þar með talið upplýsingar um:</i> <ul style="list-style-type: none">korti til að rata um garðinndagskrá í garðinumtilboðumrafrænum leikjumtilkynningum og fleiru sem myndi bæta þjónustu við gesti.	Ábyrgð: Deildarstjóri þjónustu- og reksturs. Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi: 2026 til 2027		

Aðgerð 4.6

Vinna að frekari samlegð við aðrar starfseiningar Útilífsborgar.

Verkefni sem fylgja aðgerð 4.6	Tímarammi	Byrjað	Lokið
Skoða tækifæri sem felast í því að mannauður og þekking á verkstæði FHG nýtist einnig fyrir aðrar starfseiningar Útilífsborgar m.a. fyrir skíðabrekkur borgarinnar og Ylströndina.	Ábyrgð: Skrifstofustjóri útilífsborgar og Deildarstjóri þjónustu og reksturs. Kostnaður: MÍR /FHG Tímarammi 2026 til 2027	√	
Að þekking meðal starfsfólks FHG tengt rekstri, mannauðið og markaðsetningu nýtist einnig fyrir aðrar starfseiningar Útilífsborgar og að efla samtal og verklag milli starfseininga Útilífsborgarinnar.	Ábyrgð: Skrifstofustjóri Útilífsborgar og Deildarstjóri þjónustu og reksturs. Kostnaður: MÍR /FHG Tímarammi: 2026 til 2027	√	

<p>Innleiðing markaðstefnu MÍR, sem nú er í vinnslu, skapar tækifæri til að efla dagskrá og tengja betur starfsstaði. Sameiginleg verkefni, svo sem listasýningar, dýraheimsóknir eða fræðslutengt samstarf við söfn og aðrar stofnanir, verða nýtt sem leið til að laða að nýja gestahópa hvort sem er fyrir FHG eða aðra starfsstaði MÍR.</p>	<p>Ábyrgð: Deildarstjóri þjónustu og reksturs.</p> <p>Kostnaður: MÍR / FHG</p> <p>Tímarammi 2026 til 2027</p>		

ÁHERSLA 5

Uppbygging húsnæðis, leiksvæða, tækja og búnaðar.

Markmið:

Auka ánægju og upplifun gesta garðsins með endurnýjun og uppbyggingu á húsnæði og aðstöðu, leiksvæðum og leiktækjum.



Aðgerð 5.1

Endurnýjun leiksvæða og virkjun vannýttra svæða í Fjölskyldugarðinum

Verkefni sem fylgja aðgerð 5.1	Tímarammi	Byrjað	Lokið
Val á nýju stóru leiktæki í stað Sleggjunnar og uppsetning.	Ábyrgð: Skrifstofustjóri Útilífsborgar og deildarstjóri Fjölskyldugarðs. Kostnaður: MÍR / eignasjóður Tímarammi: Leggja fyrir fjárfestingaráætlun borgarinnar fyrir árið 2027. Tæki tekið í notkun vor 2028 ef fjármagn fæst.		
Hugmyndavinna, þarfa- og kostnaðargreining aук frumhönnunar á viðburðasvæði með sérstakri áherslu á tónleikahald og leiksýningar.	Ábyrgð: Deildarstjóri Fjölskyldugarðs Kostnaður: MÍR / eignasjóður Tímarammi 2026 til 2027		

	<i>Vinna þarfagreiningu og frumhönnun. Óska eftir fjármagni í hönnunarvinnu og útboðsgerð árið 2027 hugsanlega áfangaskipt fjárfesting í framhaldi.</i>		
Endurskoða efra svæði Fjölskyldugarðsins með hliðsjón af nýjungum og betri nýtingu svæðisins.	Ábyrgð: Deildarstjóri Fjölskyldugarðs. Kostnaður: MÍR / eignasjóður Tímarammi: 2027 til 2028 <i>Hugmyndir og þróun svæða unnin árið 2027. Hönnun og útfærsla árið 2028</i>		
Ákveða hvernig nýta á smiðjusvæði (Valdakaffi) og endurhanna.	Ábyrgð: Deildarstjóri Fjölskyldugarðs. Kostnaður: MÍR / eignasjóður Tímarammi 2026 til 2027 Hugmyndir og þróun svæðis unnin árið 2026. Framkvæmdir 2027 tengt fjárfestingaráætlun sviðsins.		
Ákveða hvernig nýta eigi vatnaboltasvæði og endurhanna.	Ábyrgð: Deildarstjóri Fjölskyldugarðs. Kostnaður: MÍR / eignasjóður Tímarammi: þróun hefst 2026 og fullmótuð tillaga lögð fyrir fjárfestingaráætlun fyrir árið 2028.		

Aðgerð 5.2

Bætt aðstaða dýra í húsdýragarðinum með velferð dýra, gæði fræðslu, aðstöðu starfsmanna og upplifun gesta að leiðarljósi.

Verkefni sem fylgja aðgerð 5.2	Tímarammi	Byrjað	Lokið
Verkhönnun selalaugar auk sjúkraaðstöðu fyrir seli og villt dýr í hremmingum.	Ábyrgð: Skrifstofustjóri Útilífsborgar og deildarstjóri húsdýragarðs og dýraþjónustu. Kostnaður: MÍR / eignasjóður Tímarammi: 2026 til 2027.		
Þarfagreining, kostnaðarmat og frumhönnun á smádýrahúsi fyrir fugla, kanínur og önnur nagdýr þannig að hægt sé að hleypa hverri tegund út í sérhannað umhverfi.	Ábyrgð: Skrifstofustjóri Útilífsborgar og deildarstjóri Húsdýragarðs og dýraþjónustu. Kostnaður: MÍR / eignasjóður		

	Tímarammi: 2026 til 2028		
Parfagreining, kostnaðarmat og frumhönnun á aðstöðu fyrir framandi dýr, þ.e. skriðdýr, froskdýr og skordýr.	Ábyrgð: Skrifstofustjóri Útilífsborgar og deildarstjóri húsdýragarðs- og dýraþjónustu. Kostnaður: MÍR / eignasjóður Tímarammi: 2026 til 2027		
Sækja eftir samstarfi og fjárstyrk til Atvinnuvegaráðuneyti varðandi endurnýjun og bættu aðstöðu til að taka á móti og endurhæfa villta fugla í hremmingum.	Ábyrgð: Skrifstofustjóri Útilífsborgar og Deildarstjóri húsdýragarðs og dýraþjónustu. Kostnaður: MÍR / eignasjóður Tímarammi 2026 til 2027		
Endurhanna og breyta minkasvæði til stækkunar á refasvæði.	Ábyrgð: Skrifstofustjóri Útilífsborgar og Deildarstjóri húsdýragarðs og dýraþjónustu. Kostnaður: MÍR / FHG Tímarammi: 2026 til 2027		
Hefja hönnunarvinnu við að breyta núverandi fjósi í lausagöngufjós sem felst aðallega í endurhönnun innréttinga.	Ábyrgð: Deildarstjóri húsdýragarðs og dýraþjónustu. Kostnaður: MÍR / eignasjóður Tímarammi 2026 til 2027		
Áframhaldandi hugmyndavinna tengt lundabyggð í húsdýragarðinum.	Ábyrgð: Deildarstjóri húsdýragarðs og dýraþjónustu. Kostnaður: MÍR / eignasjóður Tímarammi: 2026 til 2030		

Aðgerð 5.3

Bætt aðstaða starfsmanna FHG

Verkefni sem fylgja aðgerð 5.3	Tímarammi	Byrjað	Lokið
Finna lausn á húsnæðisvanda starfsmanna í hvítu gámunum með viðeigandi aðstöðu fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.	Ábyrgð: Deildarstjóri húsdýragarðs og dýraþjónustu. Kostnaður: MÍR / eignasjóður Tímarammi: 2026 til 2030		
Laga útisvæði í kringum Stórhöfða þannig starfsmenn geti nýtt huggulega aðstöðu á góðum dögum.	Ábyrgð: Deildarstjóri húsdýragarðs og dýraþjónustu. Kostnaður: MÍR / eignasjóður Tímarammi: 2026 til 2030		

